

Raforkumálastjóri
Jarðhitadeild

SKÝRSLA UM ATHUGANIR VARÐANDI
BORANIR EFTIR KÖLDU VATNI AÐ ÁSI
I ASHREPPÍ, RANGÁRVALLASÝSLU

Eftir

Jón Jónsson

Desember 1962

Inngangur

Samkvæmt ósk ábuenda á jörðinni Ási í Áshreppi voru þar gerðar athuganir á aðstæðum til borana eftir köldu vatni þann 6. 7. 1962, því neyzzluvatn er mjög slæmt á þessum stað. Jafnframt var athugasur staður í myri fyrir neðan þessina, þar sem talið var mögulegt að jarðhiti nokkur gerði vart við sig. Fara hér á eftir niðurstöður þessara athugana.

Jarðlög

Bærinn Ás stendur á lágu holti, sem allt er hulið þykkum jarðvegi, sem upprunanlega virðist a.m.k. að mestu leyti hafa verið myri.

Undir jarðveginum er sandur, sem vafalaust er myndatur af framburði jökulvatna, einkum Þjórsár, á þeim tíma er jökull síðustu ísaldar var að hörfa af landinu og sjór stóð herra en nú. Undirlag jarðvegsins er því fornir sandar. Gera má ráð fyrir að roksandsmyndanir séu einnig innan um þetta. Viða, og líklega viðast hvar, eru efstu lög sandsins samanbókuð í nokkuð þétta sandsteinsklöpp vegna járnútfellinga. Klöppin er þó ekki fastari en svo að vinna má hana með handverkförum. Sandsteinsklöppin er viðast hvar væntanlega ekki yfir 2 m þykk, en neðan við hana er von um að fá megi hreint og gott vatn úr sandlögunum. Undir sandinum tekur berggrunnurinn við, en hann sést óviða á þessum slóðum. Þó kemur fast berg fram í laukjarfarvegi rétt vestan við þessina og virðist það eins konar grágrytti, fornlegt nokkuð og fágæð af jöklí.

Niðurstöður

Talið er ráblegt að bora svo sem 1-2 m niður í fasta bergið. Eru vonir til að gott vatn fáist úr áður nefndum sandlögum. Áætlað dýpi borholu er 15-20 m, en vel má vera að bora þurfi fleiri en eina holu, og að sjálfsögðu verður að dala vatninu upp. Fóðra verður holurnar til þess að útiloka yfirborðsvatn.

Ölkelda

Varðandi hugsanlegan jarðhita á þessum stað er það að segja, að í myri fyrir neðan þessinn er dý, sem að sögn ekki frýs. Þó er vatnið kalt. Sýnishorn af vatninu var tekið og hefur það nú verið efnagreint. Niðurstöður af þeirri rannsókn staðfesta það álit, sem látið var í ljós á staðnum, að hér er um að ræða kalt ölkelduvatn. Áður en meira er um þetta vatn sagt, varí ítarlegri efnagreining á því óskileg. Þó virðist svo mikil í því af fluor (F) að ekki er ráblegt að drekka það að staðaldri. Efna-greiningin fer hér á eftir.

Viðnám ohm x cm v/25°C	1368
Sýrustig (pH)	10,85
Harka (CaCO_3)	10,6 mg/l
Klorid (Cl^-)	32,7 "
Fenolftalein alkalitet sem CaCO_3	180,5 "
Metyl-orange " " "	253,0 "
Fluor (F)	4,0 "
Steinefni	476,0 "
Kísiléyra (SiO_2)	105,6 "
Sílfat (SO_4^{--})	21,1 "